

# LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS

ÁLFTAMÝRI 9 — 108 REYKJAVÍK  
SÍMI 685620

Reykjavík, 29. nóvember 1990

Alþingi Íslendinga  
Allsherjarnefnd efri deildar  
b.t. Þórðar Bogasonar, nefndarritara  
Alþingishúsinu  
101 Reykjavík

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 112/113*

*komudagur 3/2 1990*

## Umsagnir um lagafrumvörp.

Með bréfi þessu fylgja eftirtaldar umsagnir laganefndar Lögmannafélags Íslands, varðandi frumvörp til nokkurra laga:

1. Frumvarp til laga um gjaldprotaskipti o.fl. Nefndin hefur áður fjallað um drög að þessu frumvarpi og þar sem frumvarpið er óbreytt leyfir nefndin sér að senda ljósrit af fyrri umsögn sinni. *Ed.*

2. Frumvarp til laga um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga o.fl. *Nel.*

3. Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum. *Ed.*

Tekið skal fram, að stjórn L.M.F.Í. beindi því til laganefndar félagsins, að afgreiða umsagnirnar beint til umsagnarbeiðanda, þar sem skammir skilafrestir voru veittir. Stjórnin hefur því sjálf ekki fjallað um ofangreind lagafrumvörp.

Virðingarfyllst

Marteinn Másson, framkv.stj.

Laganefnd LMFÍ hefur farið yfir og rætt drög að frumvarpi til laga um gjaldprotaskipti o.fl., sem dagsett eru 18. júlí 1990 og samín af Markúsi Sigurbjörnssyni, prófessor. Með drögum þessum fylgdu ekki athugasemdir við einstakar lagagreinar. Markús Sigurbjörnsson, prófessor kom á fund laganefndar þann 14. og 20. ágúst 1990 og gerði grein fyrir frumvarpinu og svaraði fyrirspurnum um einstaka þætti þess.

Laganefnd lýsir sig efnislega samþykka frumvarpi þessu. Frumvarp þetta er mjög viðamiklæ og ýmsar veigamiklar breytingar eru frá gildandi lögum sem horfa til framfara. Jafnframt þessu er frumvarp þetta mun ítarlegra en gildandi lög og nefndin fær ekki betur séð en að frumvarpið sníði ýmsa vankanta af núgildandi lögum sem vafist hafa fyrir mönnum. Nefndin hefur á fundum með Markúsi Sigurbjörnssyni komið með ábendingar sem varða þó ekki grundvallaratriði. Nefndin telur því frumvarp þetta réttarbót og leggur til að það verði lagt fram og samþykkt.

Reykjavík, 20. ágúst 1990

f.h. laganefndar,

Ólafur A. Steensen